FUNDARGERÐ

369. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 30. sept. 2026 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Eiður Ragnarsson (ER) og Hólmfríður Rut Einarsdóttir (HRE) Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ).

Gestur á fundinum: Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri (#1 og #2)

Stjórnarmenn hittust fyrir fund og heimsóttu lager og dælu- og hreinsistöðvar í nágrenni Egilsstaða.

Dagskrá:

1 Útkomuspá 2026 og fjárfestingaráætlun 2027-2030
2 Áætlanir 2027 og gjaldskrár
3 Verkefnin – yfirlit og áherslur
   a) Markarland, Djúpavogi
   b) Lagarfell, Fellabæ
   c) Melshorn – hreinsistöð fráveitu
   d) Snjallmælavæðing
   e) Jarðhitaleit Seyðisfirði
   f) Dreifikerfi vatnsveitu Seyðisfjarðar - endurnýjunarþörf
   g) Jarðhitaleit Djúpavogi
   h) Jarðhitaleit Borgarfirði eystra
   i) Miðlunartankur á Borgarfirði
   j) Vatnsveita Eiðum
4 Atvik og uppákomur
5 Bílafloti HEF
6 Gagnaveita HEF - framtíðarsýn
7 Viðhald og endurnýjun borholudæla við Urriðavatn
8 Stórnotendaafsláttur á heitu vatni á Egilsstöðum
9 Rekstrarforsendur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar
10 Jarðhitaleit á Héraði
11 Varmadæluráðgjöf í dreifbýli (áður á dagskrá fundar #368)
12 Hagsmunaskráning stjórnarmanna
13 Starfsmannamál
14 Íslenskir atvinnuhættir - Sagaz
15 Samorka – fréttir
16 Önnur mál
   a) HAUST
   b) Fjölmiðlaskýrsla HEF
   c) Frágangur lagnaleiðar á Borgarfirði eystra
   d) Næsti fundur

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

Gengið til dagskrár:

1 Útkomuspá 2026 og fjárfestingaráætlun 2027-2030

Farið yfir stöðu rekstrar eftir 8 mánuði 2026 og drög að fjárfestingaráætlun 2027-2030.

Fyrir fundinum liggur fjárhagsstaða félagsins eftir 8 mánuði 2026 og útkomuspá 2026.

Drög að fjárfestingaáætlun 2027-2030 liggur fyrir.

Framkvæmdastjóra falið að fullgera áætlanirnar í samræmi við umræður á fundinum.

2 Áætlanir 2027 og gjaldskrár

Stjórn HEF veitna sýnir ábyrgð gagnvart stöðu efnahagsmála tekur virkan þátt í að bæta stöðuna með því að halda hækkunum almennra gjaldskráa innan 2,5% á árinu 2027. Mikilvægt er að kjarasamningar haldi og ríkisvaldið og stofnanir í eigu þess taki þátt í sameiginlegu átaki og takmarki með sambærilegum hætti hækkanir á gjaldskrám og álögum sem hafa bein áhrif á heimilin.

Farið yfir tillögur að gjaldskrám ársins 2027:

Hitaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 2,5% frá og með næstu áramótum.
Undantekningar eru: Tengigjöld utan þéttbýliskjarna á Egilsstöðum og Fellabæ verði óbreytt.

Fastagjöld hækki:	15mm:	2,5%
	20-25mm:	5%
	32-50mm:	5%
	≥ 65mm:	5%

Tillagan verði, svo sem vera ber, send til Umhverfis- og orkustofnunar sem sækir samþykki ráðherra fyrir breytingunum.

Fjarvarmaveita Seyðisfirði:

Samþykkt að hækka gjaldskrá fjarvarmaveitu almennt um 2,5% frá og með næstu áramótum.

Fastagjöld hækki:	15mm:	2,5%
	20-25mm:	5%
	32-50mm:	5%
	≥ 65mm:	5%

Tillagan verði, svo sem vera ber, send til Umhverfis- og orkustofnunar sem sækir samþykki ráðherra fyrir breytingunum.

***Vatnsveita*:**

Samþykkt að vatnsgjald og fast gjald vatnsveitu (3. gr.) verði óbreytt.

Vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 38.000,- kr. (óbreytt)

Önnur gjöld gjaldskrárinnar fylgi breytingu byggingarvísitölu, sbr. 8. gr.

***Fráveita*:**

Samþykkt að fráveitugjald lækki úr 0,30% í 0,29% af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum. Rotþróagjöld hækki í kr. 25.000 á ári fyrir rotþró ≤6.0m³. Fyrir stærri rotþrær en 6.0m³ verði rotþróargjald kr. 5.900 á ári fyrir hvern rúmmetra þróar.

Önnur gjöld fráveitu fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4. mgr. 7. gr. og verða uppfærð skv. venju.

***Gagnaveita*:**

Samþykkt að gjaldskrárliðir í 5. gr. gjaldskrár, tengigjöld o.fl. verði óbreytt, en aðrir liðir gjaldskrár gagnaveitu (6. gr.) hækki um 2,5% frá og með 1. janúar 2027.

3 Verkefnin – yfirlit og áherslur

Helstu verkefni á framkvæmdastigi:

a) Markarland, Djúpavogi

Lagnavinnu í Markarlandi og meðfram Víkurlandi lokið og búið að malbika. Unnið er að því að koma fyrir þurrhólfs dælubrunni við gatnamót Markarlands og Víkurlands. Verkinu ætti að ljúka að mestu á næstu 2-3 vikum.

b) Lagarfell, Fellabæ

Malbikun var seinkað, verður um miðjan október. Verkið langt komið. Helsta áskorun í verkinu hefur verið að finna út úr legu og tengingum lagna vatnsveitu.

c) Melshorn – hreinsistöð fráveitu

Gangsetning hreinsistöðvar hefur gengið eins og við er að búast. Tengingar dreifilagna inn á sniðræsi upp með Eyvindará eru í vinnslu, búið að tengja Norðurtún og væntanlega verður Votahvamms lögnin tengd í þessari viku. Þar með verður hreinsistöðin við Melshorn, sem þjónað hefur í rúm 20 ár endanlega aftengd og fjarlægð. Eldri hreinsistöðvar upp með ánni verða aflagðar ein af annarri á næstu vikum. Dælustöð neðan Menntaskólans er í undirbúningi. Verklokaskýrsla er í vinnslu.

d) Snjallmælavæðing

Útskipti sölumæla Fjarvarmaveitu á Seyðisfirði er langt komin.

Framvinda útskipta á Egilsstöðum og Fellabæ hefur ekki gengið eins og að var stefnt. Ólíklegt er að verktaki komist yfir að klára umsaminn fjölda mæla á Egilsstöðum innan tímamarka samnings. Framkvæmdastjóra falið að semja við fleiri/aðra verktaka um verkið.

e) Jarðhitaleit Seyðisfirði

Eins og fram hefur komið þá tókust boranir sumarsins ekki nógu vel í Seyðisfirði. SEY-27 við kaupstaðinn er með fínan stigul (um 72°C) en dæluprof leiddi í ljós að ekkert heitt vatn fæst úr holunni, aðeins kalt úr efstu lögum hennar. SEY-28 í Vestdal sýndi svo lægri stigul en holur við kaupstaðinn og því horfið frá frekari leit þar. Þessar niðurstöður reka nagla í kistu vatn í vatn varmadælu fyrir Seyðisfjörð í bili. Því er útlit fyrir að fara þurfi í loft í vatn varmadælu fyrir fjarvarmaveituna og stefnan tekin þangað og undirbúningur hafinn.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að gera samantekt um valkosti í varmadælum og undirbúa öflun tilboða í tæki og búnað.

f) Dreifikerfi vatnsveitu Seyðisfjarðar - endurnýjunarþörf

Í ljósi atvika síðsumars, m.a. við Ránargötu er ljóst að ástæða er að leggja áherslu á endurnýjun dreifilagna vatnsveitu. Fjárfestingaáætlun þarf að taka mið af því.

g) Jarðhitaleit Djúpavogi

Búnaður í bortæki hefur ekki skilað sér frá birgja. Vonir standa til að borun skv. bókun á fundi #368 gangi eftir og hefjist nú í október.

Stjórn leggur áherslu á að verkinu verði framhaldið eins fljótt og verða má.

h) Jarðhitaleit Borgarfirði eystra

Borun hitastigulshola hófst í gær. Stefnt er að borun 6 hola í þessari atrennu.

i) Miðlunartankur á Borgarfirði

Vinnu við lagnir og búnað í tæknirými miðlunartanks vatnsveitu verður fram haldið á næstu vikum. Allt vatn sem fer út á dreifikerfi þorpsins er nú gegnumlýst.

j) Vatnsveita Eiðum

Vinna við uppfærslu búnaðar í tæknirými er í gangi.

4 Atvik og uppákomur

Ýmis atvik verða reglulega í rekstri félagsins, enda snertifletir ótal margir við umhverfi og samfélag. Þessi atvik eru dæmi frá síðustu vikum:

Staðsetning	Lýsing	Dags – upphaf og lok
Seyðisfjörður	Brunaviðvörun í kyndistöð. Um var að ræða villuboð. Úrbætur í vinnslu, þ.m.t. að aðskilja brunaviðvörun Garðarsvegar 13 og 15.	8. ágúst – í vinnslu
Borgarfjörður eystra	Gerlamengun mældist í vatnsveitu í kjölfar mikillar úrkomu. Uppsetningu lýsingartækis var flýtt.	18.-27. ágúst

5 Bílafloti HEF

Samhliða fjölgun starfsmanna er aðkallandi að yfirfara og meta þörf fyrir fjölda og gerðir bíla félagsins. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögur til stjórnar um málið.

6 Gagnaveita HEF - framtíðarsýn

Umræður um framtíð gagnaveitunnar. Framhaldsumræðu frestað til næsta fundar.

7 Viðhald og endurnýjun borholudæla við Urriðavatn

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu og upplýsingar sem fyrir liggja um viðhald og endurnýjun búnaðar á vinnslusvæðinu við Urriðavatn.

8 Stórnotendaafsláttur á heitu vatni á Egilsstöðum

MVA hefur óskað eftir afsláttarkjörum á heitu vatni. Notkun MVA á heitu vatni rúmast ekki innan þeirra viðmiða sem félagið setur um afsláttarkjör.

9 Rekstrarforsendur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar

Málið í vinnslu.

10 Jarðhitaleit á Héraði

Umsókn um rannsóknarleyfi umhverfis Urriðavatn var send Umhverfis- og orkustofnun í sumar. Vonast er til að leyfi fáist sem allra fyrst.

11 Varmadæluráðgjöf í dreifbýli (áður á dagskrá fundar #368)

Verkefnið er í fullum gangi. Húseigendur eru byrjaðir að grafa/plægja varmaskiptarör í heimatún. Markaðskönnun á varmadælum og búnaði er í vinnslu.

12 Hagsmunaskráning stjórnarmanna

Stjórnarmenn hafa fengið eyðublöð til hagsmunaskráningar til útfyllingar.

13 Starfsmannamál

Guðjón Ármannsson var ráðinn til starfa í síðustu viku. Hann mun bætast í öflugt teymi framlínustarfsfólks. Stjórn býður Guðjón velkominn til starfa.

14 Íslenskir atvinnuhættir - Sagaz

Framkvæmdastjóri hefur gert samning við Sagaz - útgáfufélag um birtingu skráningar HEF veitna á vefsíðu útgáfufélagsins. Sagaz hefur boðið HEF birtingu í bókinni Ísland, atvinnuhættir og menning árið 2030, líkt og var í útgáfum 2020, 2000 og 1990. Til upplýsingar, ákvörðun frestað.

15 Samorka – fréttir

Á vettvangi Samorku er unnið að greiningu á áhrifum fyrirliggjandi tillagna að breytingum á regluumhverfi fráveitna. Endurskoðun Orkulaga (hitaveitulaga) er í undirbúningi hjá stjórnvöldum og hefur Samorka óskað eftir víðtæku samráði þar um.

16 Önnur mál

a) HAUST

Breyting verður á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits um næstu áramót. Ljóst er að HEF þarf að fylgjast vel með framvindu málsins vegna mögulegra áhrifa á starfsemina.

b) Fjölmiðlaskýrsla HEF

Fyrir liggur greining Credit Info á umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um málefni HEF veitna og samantekt tilvika þar sem félagið er til umfjöllunar. Til upplýsingar.

c) Frágangur lagnaleiðar á Borgarfirði eystra

HEF hefur móttekið athugasemdir við frágang á svæði norðan miðlunartanks vatnsveitu, þar sem stofnlögn veitunnar var endurnýjuð. Starfsmenn félagsins gerðu sér ekki grein fyrir gildi svæðisins sem farið var um og þykir félaginu miður að trjágróður hafi orðið fyrir skemmdum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við fulltrúa Múlaþings um framhald og frágang verkefnisins.

d) Næsti fundur

Stjórn stefnir að næsta fundi 13. október, framkvæmdastjóri sendir fundarboð.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:10.

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir.

Undirritanir á næstu síðu.

Undirritað af:
Eiður Ragnarsson
2602723739
Dags: 13.10.2026
Tími: 10:22:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 33f5bb99-d3af-4250-826b-2d28d8c5a6dd

Undirritað af:
Hólmfríður Rut Einarsdóttir
0806882969
Dags: 13.10.2026
Tími: 10:29:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 33f5bb99-d3af-4250-826b-2d28d8c5a6dd

Undirritað af:
Ívar Karl Hafliðason
1409814199
Dags: 13.10.2026
Tími: 10:08:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 33f5bb99-d3af-4250-826b-2d28d8c5a6dd

Undirritað af:
Helgi Hlynur Ásgrímsson
0110695259
Dags: 13.10.2026
Tími: 11:46:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 33f5bb99-d3af-4250-826b-2d28d8c5a6dd

Undirritað af:
Ágústa Björnsdóttir
1508622569
Dags: 13.10.2026
Tími: 10:15:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 33f5bb99-d3af-4250-826b-2d28d8c5a6dd

Undirritað af:
Aðalsteinn Þórhallsson
3010682989
Dags: 13.10.2026
Tími: 10:06:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 33f5bb99-d3af-4250-826b-2d28d8c5a6dd